

Nr. 014 / 15 Esjar SH 75***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2330
Smíðaður: Hafnarfirði 1999 stál
Stærð: 51,87 brl 55,27 bt.
Mesta lengd: 19,8 m Skráð lengd: 18,39 m
Breidd: 4,99 m Dýpt: 2,32 m
Vél: Caterpillar 336 1998
Fjöldi skipverja: 4



Esjar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 20. janúar 2015 var Esjar SH 75 á dragnótaveiðum í Breiðafirði. Veður: Hægviðri.

Þegar skipverji sem var að koma fyrir tómu fiskikari í stæðu í lestinni lentu finger hans á milli kara. Slasaði fann til eymsla en lauk störfum og leitaði læknis þegar í land var komið og var langatöng vinstri handar brotin.

Við rannsókn kom fram:

- að körum var raðað í lestarbotninn og hann stóð ofan í einu þeirra og var að flytja til annað kar milli staða þegar hann klemmdi puttann á milli kara;
- að slasaði sagði að um hafi verið að ræða einstakt óhapp.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.